

4. október 2011

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla  
2. fundur, skólaárið 2011-2012

fundartími  
17:30-18:30

Mættir voru: Linda Björk Sigurðardóttir Anne B Hansen,  
Karen Guðmundsdóttir, Valborg Tryggvadóttir, Óskar Gunnarsson og Björgvin Eggertsson

Fjarverandi Helena Herborg Guðmundsdóttir

fundarstjóri Linda Björk

ritari Óskar

Fyrsta málefni var foreldrarölt, skipulag og niðurröðun. Linda ætlar að taka að sér að hitta formann Foreldrafélags Vallarskóla og er hittingur ákveðinn næstkomandi fimmtudag 06.11, þar sem foreldrum verður raðað niður á dagana og nú á að prófa að skipuleggja einnig foreldrarölt yfir sumartímann. Samþykkt var að semja við Guðfinnu ritara um áminningu fyrir hverja helgi eins og gert var síðari hluta síðasta vetrar, ef það gengur.

Einelti kom til umræðu og nauðsyn þess að vera stöðugt að minn á einelti og vera með augun opin fyrir einelti. Fyrir tveimur árum var gefinn út fræðslubæklingur varðandi einelti og spurning kom upp hvort ætti að gefa hann út aftur. Ákveðið að gefa hann út í fréttabréfi á heimasíðu sem foreldrafélagið heldur úti.

Allgóð mæting var á tenglafund sem foreldrafélagið hélt þann 20.09 til að tengja tengla saman og koma á samstarfi auk þess að kynna tenglastarfið Almenn ánægja meðal fundagesta var með þetta fyrirkomulag. Þar var rætt um mikilvægi þess að skilja ekki neinn útundan þegar boðið er til bekkjaafmælis. Í framhaldi af tenglafundinum héldu flestir bekkjartenglar fund og lögðu línurnar fyrir veturinn.

Samþykkt var að reyna að fá fund með Braga Bjarnasyni menningar- og frístundarfulltrúa með stjórn foreldrafélagsins til að fara yfir stefnu og eftirlit með frístundastarfi í Árborg.

Samþykkt var á aðalfundi í maí síðastliðinn að hafa árgjald til foreldrafélagsins óbreytt og innheimtu með sama sniði og í fyrra þ.e. gíróseðill liggur inni á heimabanka.

Fundi slitið kl.: 18:45

Næsti fundur ákveðinn 29.11.2011, kl.: 17:00